



Fundargerð

319. fundar hreppsnefndar Reykhólahrepps
fimmtudaginn 13. janúar 2011, kl. 15:00

Fundarstaður: fundarsalur hreppsnefndar Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mættir: Gústaf Jökull Ólafsson, Sveinn Ragnarsson, Andrea Björnsdóttir, Eiríkur Kristjánsson og Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir. Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Fundargerð rituð í tölvu og er 4 blaðsíður.

Oddviti setti fundinn, bauð fólk velkomið. Leitað hann afbrigða að taka fjögur mál á dagskrá undir liðnum önnur mál, var það samþykkt. Þá var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Fundargerðir:

1. 317. fundur hreppsnefndar 9. desember 2010.

Fundargerð lögð fram og samþykkt.

2. 318. fundur hreppsnefndar 6. janúar 2011.

Fundargerð lögð fram og samþykkt.

3. Skipulags- bygginga- húsnæðis- og hafnanefnd 10. janúar 2011.

Fundargerð lögð fram og samþykkt.

4. Mennta- og menningarmálanefndar 11. janúar 2011.

Eiríkur Kristjánsson fór yfir helstu atriði fundargerðarinnar. Hreppsnefnd fagnar að stýrihópur um skólamál taki til starfa.

Tillaga um Eirík Kristjánsson sem fulltrúa hreppsnefndar í stýrihóp samþykkt.

Tillaga um að hópurinn komi saman fyrir 15. febrúar 2010. Stýrihópi er falið að halda fundargerðir yfir fundi sína, sveitarstjóri situr fundi sem ritari. Stýrihópur skili af sér fullmótuðum hugmyndum fyrir árslok 2011. Samþykkt

Eiríkur Kristjánsson fór yfir málefni hlunnindasafnins og framtíð þess. Hreppsnefnd ákveður að taka þátt í samvinnu við Áhugamannafélagið um Bátasafn Breiðafjarðar og Æðarvé um rekstur hússins og sýningar.

Fundargerðin lögð fram og samþykkt.

Mál til afgreiðslu:

1. 1011031 – Fjárhagsáætlun 2011.

Síðari umræða.

Oddviti lagði til að liðurinn yrði færður aftast á dagskrá þar sem beðið var gagna frá endurskoðanda hreppsins.

Tillaga að fjárhagsáætlun 2011 lögð fram. Tillaga samþykkt samhljóða.

2. 1101011 - Gjaldskrár sveitarfélagsins.

Samþykkt að eftirfarandi gjaldskrár breytist ekki, gjaldskrá um Grettislaug, gjaldskrá um tjaldsvæðið við Grettislaug, gjaldskrá um útleigu á Reykhólaskóla, gjaldskrá vegna matargjalds í Reykhólaskóla og Hólabæ, verðskrá yfir einstakar máltíðir Hjúrunar og dvalarheimilisins Barmahlíðar, gjaldskrá um leigu á íþróttahúsi Reykhólahrepps og Sorpeyðingargjald.

Ásta Sjöfn Krisjánsdóttir gerði tillögu að breyttri gjaldskrá fyrir leikskólann Hólabæ. Leikskólagjöld óbreytt, 30% afsláttur af öðru barni, 60% afsláttur af þriðja barni og fjórar klukkustundir fríar fyrir 5 ára nemendur. Tillagan samþykkt með tveimur greiddum atkvæðum, þrír sátu hjá. Samþykkt að breytingar á ofangreindum gjaldskráum taki gildi 1. janúar 2011.

Gjaldskrá fyrir Reykhólahöfn. Tillaga skipulags og byggingarnefndar um að bæta viktunargjaldi inn í gjaldskránnu samþykkt og vísast gjaldskráin til seinni umræðu í hreppsnefnd.

Varðandi gjald fyrir skólaakstur leikskólabarna, sveitarstjóra og Andreu Björnsdóttur falið að skoða grundvöll fyrir gjaldi.

3. 1101012 - Samþykkt um stjórn og fundarsköp í Reykhólahreppi.

Endurskoðun á samþykktinni fyrri umræða.

Lagðar voru fram athugasemdir og breytingar á samþykktinni. Samþykktinni vísað til seinni umræðu.

4. 1101013 - Samþykkt um kjör fulltrúa í stjórn, ráðum og nefndum Reykhólahrepps.

Samþykktin lögð fram til samþykktar. Gert er ráð fyrir að laun sveitarstjórnar og nefndarmanna séu tengd við þingfararkaup og taki breytingum í samræmi við þau.

5. 1012013 – Endurnýjun samnings um Kötluland.

Undirritaður samningur lagður fyrir sveitarstjórn.

Samningur samþykktur samhljóða.

6. 1101008 – Ráðning félagsmálastjóra til sameiginlegs þjónustusvæðis Reykhólahrepps og Stranda.

Sveitarstjóri tilkynnti að búið sé að ráða Hildi Jakóbínu Gíslasdóttur félagsmálafulltrúa á Ströndum og í Reykhólahreppi. Áætlað er að Hildur taki til starfa 1. febrúar n.k.

7. 1101009 – Ferðamálafulltrúi hjá Reykhólahreppi.

Erindi frá Hörpu Eriksdóttur, ósk um starf sem ferðamálafulltrúi hjá sveitarfélaginu á tímabilinu júní 2011 – maí 2012 í tengslum við skólaverkefni dagsett 28. desember 2010.

Hreppsnefnd tekur jákvætt í erindið og Ástu Sjöfn Kristjánsdóttur og sveitarstjóra falið að ræða við Hörpu.

8. 1101010 - Upplýsingamiðstöð ferðamála í Reykhólahreppi.

Erindi frá Handverksfélaginu Össu varðandi upplýsingamiðstöð í Króksfjarðarnesi dagsett 16. desember 2010.

Hreppsnefnd líst vel á hugmyndina um upplýsingamiðstöð í Króksfjarðarnesi. Málefni upplýsingarmiðstöðvar eru í endurskoðun og mun verða tekið tillit til erindisins í þeirri vinnu.

9. 1101014 – Flutningur hreindýra til Vestfjarða.

Erindi frá Eiríki Kristjánssyni dagsett 10. janúar 2011.

Erindinu vísað til umhverfisnefndar til efnislegrar umfjöllunar.

10. 1101015 – Útilegukortið 2011.

Beiðni um áframhaldandi samstarf við Útilegukortið um tjaldsvæðið við Reykhóla.

Áframhaldandi samstarf samþykkt.

Mál til kynningar:

11. 1101016 - Innanríkisráðuneyti tekur til starfa.

Erindi frá Samgöngu og sveitarstjórnarráðuneytinu dagsett 30. desember 2010.

Lagt fram.

12. 1101017 – Uppreiknuð tekju og eignarmörk og viðmiðunarfjárhæðir fyrir árið 2011.

Tvö erindi frá Velferðarráðuneyti dagsett 4. janúar 2011.

Lagt fram.

13. 1101018 - Samkomulag um framlag til Varasjóðs húsnæðismála.

Erindi frá Varasjóði húsnæðismála dagsett 21. desember 2010.

Lagt fram.

14. 1101019 – Fjárhagslegt öryggi og velferð íbúa.

Erindi frá Velferðarráðuneyti dagsett 3. janúar 2011.

Lagt fram.

15. 1101020 – Íbúaskrá Reykhólahrepps 1. desember 2010.

Lögð fram engin athugasemd gerð við skrána.

16. 1101021 - Fundargerð stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga 6. desember 2010.

Fundargerð lögð fram.

17. 1101022 - 115. fundur Breiðafjarðarnefndar 11. nóvember 2010.

Fundargerð lögð fram.

18. 1101023 - Fundargerð Heilbrigðisnefndar Vestfjarðar 10. desember 2010.

Fundargerð lögð fram.

19. 1101023 - 782. fundur Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Fundargerð lögð fram.

20. 1101025 - 334. fundur stjórnar Hafnasambands Íslands

Fundargerð lögð fram.

Önnur mál:

- 1. Framkvæmdir Vegagerðarinnar á Vestfjarðarvegi milli Eiðis og Þverár.
Erindi frá Vegagerðinni 12. janúar 2011.**

Teikningar af fyrirhuguðum vegi lagðar fram, vísað til skipulags og byggingarnefndar til umfjöllunar með tilliti til breytingar á aðalskipulagi.

Hreppsnefnd fagnar tillögunum og áframhaldandi framkvæmdum í sveitarfélaginu á Vestfjarðarvegi 60 og beinir því til Vegagerðarinnar að vinna í samkomulagi við landeigendur á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði.

- 2. Samkomulag um kjarasamningsumboð til undirritunar frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.**

Samþykkt, sveitarstjóra falið að undirrita samkomulagið fyrir hönd hreppsins.

- 3. Atvinnuuppbygging og nýsköpun í dreifbýli
Erindi frá Guðjóni D. Gunnarssyni dagsett 11. janúar 2011.**

Hreppsnefnd tekur jákvætt undir erindið og felur sveitarstjóra að ræða við Guðjón.

- 4. Dýrahald í íbúðum hreppsins.**

Sveinn fór yfir að í leigusamningum vegna leiguíbúða hreppsins komi fram að dýrahald sé óleyfilegt. Samþykkt þess efnis finnst ekki. Hreppsnefnd áréttar því þetta bann, dýrahald í leiguíbúðum hreppsins er óheimilt. Íbúum leiguíbúða hreppsins sem halda dýr er gefinn sex mánaða frestur til að uppfylla ákvæðið.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 23:30

_____	_____
_____	_____
_____	_____